

Ed.

898. Frumvarp til laga

[487. mál]

um breyting á lögum nr. 107 27. desember 1973, um þörungavinnslu við Breiðafjörð, sbr. lög nr. 14/1975.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Við lögin bætist ný gr., 8. gr., sem orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að semja við hlutafélag, sem aðilar í Austur-Barðastrandarsýslu hafi frumkvæði um að stofnað verði, um kaup eða leigu á eignum félagsins, á því verði og með þeim kjörum sem um semst. Sú kvöð skal vera á eignunum að þær séu nýttar við áframhaldandi þörungavinnslu á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu.

Heimilt er að lána kaupanda andvirði eignanna til allt að 15 ára og má lánið vera víkjandi, þannig að greiðslubyrði verði háð afkomu hins nýja fyrirtækis. Verði gerður leigusamningur um eignir félagsins skal heimilt að semja svo um að hluti leigunnar gangi upp í kaupverð eignanna.

Verði um sölu á eignum Þörungavinnslunnar hf. að ræða skal hlutafélaginu Þörungavinnslunni hf. formlega slitið. Um félagsslit skal fara samkvæmt XIV. kafla laga nr. 32/1978, um hlutafélög, þó þannig að ríkissjóður ábyrgist greiðslur á réttmætum kröfum á hendur félaginu öðrum en hlutafé, en yfirtekur jafnframt eignir þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögum um þörungavinnslu við Breiðafjörð verði breytt þannig að ríkisstjórninni verði veitt heimild til að semja við hlutafélag, sem aðilar í Austur-Barðastrandarsýslu hafi forgöngu um að stofnað verði, um að það kaupi eða leigi eignir Þörungavinnslunnar hf. Gert er ráð fyrir að sú kvöð verði á eignunum að þær verði nýttar við þörungavinnslu á Reykhólum. Verði um sölu að ræða er gert ráð fyrir að Þörungavinnslunni hf. verði slitið samkvæmt XIV. kafla laga nr. 32/1978, um hlutafélög, þó þannig að ríkissjóður greiði allar réttmætar kröfur á hendur félaginu aðrar en hlutafé, en yfirtaki jafnframt eignir þess.

Þá er gert ráð fyrir að heimilt verði að lána kaupendum andvirði eignanna til allt að 15 ára og að lánið megi vera víkjandi, þannig að greiðsluskylda verði háð afkomu hins nýja fyrirtækis. Ennfremur er lagt til að heimilt verði að semja svo um að leiga, ef um leigu á eignunum verði að ræða, gangi upp í kaupverð eignanna, þ. e. gerður verði kaupleigusamningur.

Fjárhagsstaða fyrirtækisins.

Rekstur Þörungavinnslunnar hefur gengið erfiðlega frá upphafi, eins og fram kemur í yfirliti í fylgiskjali I, og hefur fjárhagsstaðan farið síversnandi. Á miðju ári 1984 var áætlað

að tap fyrirtækisins fyrir það ár yrði um 10 m.kr., eða 1 m.kr. lægra en árið áður. Reikningsskil fyrirtækisins hinn 31. desember s. l. leiða hins vegar í ljós mun verri útkomu og er fyrirtækið algerlega gjaldþrota, sbr. eftirfarandi stöðu:

	1984	1983
Rekstrartekjur	38 741 000	30 986 000
a) af rekstri	35 371 000	27 615 000
a) skaðabætur	3 370 000	3 371 000
Rekstrargjöld	43 453 000	33 229 000
Fjármagnsgjöld	15 137 000	12 674 000
Tap	19 848 000	14 917 000
Eignir	60 826 000	56 317 000
Skuldir	93 420 000	61 058 000
Eigið fé (neikvætt)	(32 595 000)	(4 741 000)

Gengisfelling á s. l. hausti vó þungt í stórlega verri útkomu en áætluð var. Nettó-gjöld vegna gengisbreytinga og verðbóta eru 15,1 m.kr., eða um 76% af tapi ársins 1984.

Með þeirri skuldabyrði, sem hér er um að ræða, er útilokað að koma fyrirtækinu á réttan kjöl miðað við núverandi rekstur. Skammtímaskuldir og viðskiptaskuldir eru það miklar að stöðvun fyrirtækisins er fyrirsjáanleg alveg á næstunni, verði ekkert að gert. Uppgjör á fyrirtækinu er því óumflýjanlegt og bráðaðkallandi.

Kostir stjórnvalda.

Þörungavinnslan hf. var upphaflega sett á fót fyrir atfylgi margra aðila en með verulegri þátttöku ríkisins. Þegar fyrirtækið hefur lent í erfiðleikum hefur jafnan verið sótt til ríkisins um aðstoð og leiðsögn og nú er svo komið að ríkið á um 97% hlutafjár. Ríkið er í ábyrgð fyrir langtímaskuldum fyrirtækisins. Ríkið hefur á undanförunum árum lagt að lánardrottnum að ganga ekki að fyrirtækinu, þótt það hafi í raun verið gjaldþrota, og verður þannig að teljast í siðferðislegri ábyrgð fyrir viðskiptaskuldum. Nú þegar staða fyrirtækisins er slík, að það er gjaldþrota í öllum venjulegum skilningi þess hugtaks, á ríkið um fjóra meginkosti að velja:

1. Leggja aukið fé í fyrirtækið til þess að halda áfram rekstrinum í óbreyttu formi í þeirri von að hagnaður verði af rekstrinum og fyrirtækið geti greitt áhvílandi skuldir.
2. Láta fyrirtækið verða formlega gjaldþrota og taka á sig öll þau áföll sem því fylgja.
3. Reyna að selja hlutabréf í fyrirtækinu innlendum eða erlendum aðilum án undangengins uppboðs í eignum eða fjárhagslegs uppgjörs.
4. Gera núverandi félag upp og afhenda heimaaðilum eignir fyrirtækisins til rekstrar, eða yfirfæra reksturinn til sömu aðila samkvæmt leigusamningi.

Um 1. lið:

Hvað fyrsta kostinn áhrærir, þ. e. að leggja aukið fé inn í fyrirtækið í óbreyttu formi, þá mundi sá kostur e. t. v. kosta ríkissjóð minni fjárútlát í fyrstu en sá kostur sem lagður er til í frumvarpi þessu. Áframhaldandi fjárframlög úr ríkissjóði til fyrirtækisins í óbreyttu formi mundu viðhalda núverandi ástandi og ekki leysa neinn vanda til frambúðar. Slíkt mundi jafnframt leiða af sér hættu á verulega neikvæðu umtali um fyrirtækið, sem án efa mundi spilla fyrir áliti þess á innlendum og erlendum mörkuðum og auk þess hafa óheppileg áhrif á starfsanda í fyrirtækinu.

Um 2. lið:

Þrautalendingin fyrir ríkissjóð er að sjálfsögðu sú að hætta öllum tilraunum til þess að halda rekstrinum gangandi og framselja hlutafélagið til gjaldþrotaskipta og láta selja eignir búsinis á nauðungaruppboði í samræmi við ákvæði gjaldþrotaskiptalaga. Ef fyrirtækinu yrði

lokað og það missti þá fótfestu á mörkuðum sem það hefur náð, þá gæti tekið langan tíma að koma því af stað aftur. Slíkt yrði til mikils tjóns fyrir sjálfan reksturinn svo ekki sé talað um nærliggjandi byggð, sem stendur og fellur með áframhaldandi rekstri fyrirtækisins. Þess má geta að samkvæmt síðustu opinberu tölum (árið 1982) má rekja 24% launa í Austur-Barðastrandarsýslu beint til Þörungavinnslunnar hf.

Um 3. lið:

Með núverandi skuldabyrði virðist það borin von að hægt sé að ná inn nýju áhættufjármagni í reksturinn. Eignir eru verðlitlar og fyrisjáanlegt er að ríkið þyrfti á endanum að yfirtaka skuldir fyrirtækisins. Jafnframt myndi þessi kostur ekki samrýmast áformum stjórnvalda um að yfirtaka fyrirtækisins skuli fela í sér kvöð til áframhaldandi þörungavinnslu.

Um 4. lið:

Fjórði kosturinn, sem felst í því að yfirfæra reksturinn til heimaaðila, er sá sem talinn hefur verið álitlegastur. Valið á honum byggir á þeirri trú að aukin ábyrgð heimamanna sé árangursríkust til að framkvæma og fylgja eftir þeim breytingum á rekstri fyrirtækisins sem nauðsynlegar eru til að fyrirtækið geti skilað arði. Með þessum hætti er jafnframt best stuðlað að eflingu byggðar í Austur-Barðastrandarsýslu, sem var eitt aðalmarkmið með þátttöku ríkisins í rekstrinum í upphafi.

Eins og drepíð er á hér að framan (liður 2), er einn kostur ríkisins að selja eignirnar án frekari kvaða á þeim. Hafa ber í huga að verulegur hluti eignanna eru lausafjármunir sem selja mætti úr héraði. Það hefur hins vegar afgerandi áhrif á verðmæti eigna fyrirtækisins, ef ríkið með tilliti til byggðastuðnings og annarra sjónarmiða afhendir þær nýjum aðilum með kvöð um áframhaldandi þörungavinnslu. Þá skiptir fyrst og fremst máli mat á arðsemi þörungavinnslu á Reykhólum. Sé höfð hliðsjón af rekstrarafkomu fyrirtækisins frá stofnun væru eignirnar trúlega allt að því verðlausar, þ. e. sem arðgefandi fjárfesting.

Eftir yfirfærslu eignanna til heimamanna ætti að vera mögulegt að bæta afkomu verksmíðjunnar með aukinni hagkvæmni í rekstri, sérstöku markaðsátaki, auknu almennu aðhaldi heimaaðila að rekstrinum, lækkun aðstöðugjalds og minni skuldabyrði. Er því ljóst að ríkið verður að gera um það kröfu, þrátt fyrir kvöð um að eignirnar verði nýttar í þágu þörungavinnslu við Breiðafjörð, að greitt verði að hluta fyrir eignirnar samkvæmt bætum rekstrarhorfum (þ. e. í formi víkjandi lána). Í því sambandi yrði höfð hliðsjón af verðmæti eignanna, ef þær væru seldar úr héraði kvaðalaugar.

Ef gerður yrði leigusamningur um eignirnar mundi hið nýja hlutafélag í raun vera stjórnunarfyrtæki frá upphafi. Í því tilviki er gert ráð fyrir að Þörungavinnslan hf. yrði áfram til sem lögaðili og að leiguandvirði gengi til að greiða af áhvílandi lánum sem ekki yrðu yfirtekin af ríkissjóði í tengslum við samninga um eignayfirfærsluna. Jafnframt er gert ráð fyrir að hluti leigu gæti gengið til greiðslu kaupverðs kjósi félagið að kaupa eignirnar. Mætti hugsa sér að leigan yrði í tveimur þáttum. Annars vegar að grunnjald verði ákveðið sem hundradshluti af eignaverði, eða söluverði sem samningar tækjust um. Sá þáttur gengi til greiðslu fastakostnaðar af eignunum og greiðslu hluta núverandi lána. Hins vegar yrði um leigubátt að ræða er tæki mið af afkomu. Semja mætti um að sá hluti leigunnar kæmi til frádráttar fyrirfram ákveðnu kaupverði tækjust um það samningar.

Með samningum um yfirtöku heimamanna á rekstri þörungavinnslu á Reykhólum er nauðsynlegt að ganga svo frá málum, að ríkið hætti alfarið þátttöku í rekstrinum og að framvegis verði það undir heimamönnum og/eða öðrum hagsmunaaðilum komið hvort reksturinn haldi áfram.

Skiptir þar engu hvort um sölu eða leigu eignanna yrði að ræða.

Stofnun nýs félags á vegum heimamanna.

Hugmyndin um yfirfærslu fyrirtækisins til heimamanna er spröttin af athugunum sem gerðar voru á s. l. ári á vegum Iðnaðarráðuneytisins og stjórnar fyrirtækisins um stöðu og framtíðarhorfur þess. Slík yfirfærsla myndi byggjast á því að ríkissjóður yfirtaki hluta af áhvílandi skuldum fyrirtækisins, en að stofnað verði nýtt hlutafélag á vegum heimamanna, sem yfirtaki helztu eignir Pörungavinnslunnar hf., þ. e. húsnæði, vélar og tæki verksmiðjunnar, og hefji rekstur á nýjum grunni. Lögð verði áhersla á að efla samband við erlenda viðskiptaaðila og m. a. kannaðir til hlítar möguleikar á erlendri eignaraðild að fyrirtækinu.

Pörungavinnslan hf. stendur nú á tímamótum. Ef ekki verður gerð mikil fjárhagsleg uppstokkun á fyrirtækinu, blasir rekstrarstöðvun og greiðsluþrot við. Einmitt þess vegna er nú aðkallandi að færa reksturinn og ábyrgðina í hendur heimaaðila, þ. e. þeirra aðila er mestra hagsmuna hafa að gæta, samhliða endurfjármögnun fyrirtækisins.

Eins og fyrr segir getur yfirfærsla fyrirtækisins til heimamanna gerzt með tvennum hætti, með slitum og uppgjöri á núverandi félagi og meðfylgjandi ráðstöfun eigna eða með leigusamningi. Í báðum tilvikum er þó fyrirsjáanlegt að ríkið muni þurfa að yfirtaka verulegan hluta af skuldum fyrirtækisins. Yfirtaka skulda fyrirtækisins myndi kosta ríkissjóð um 41 m.kr. á árinu 1985. Hér er um að ræða mismun skammtímaskulda og veltufjáreignar að meðtalinni afborgun langtímaskulda 1984 og 1985. Eftir árið 1985 munu eftirstöðvar langtímalána vera um 45 m.kr. miðað við verðlag í ársbyrjun 1985. Samanlögð útgjöld ríkissjóðs vegna þessa máls munu því nema um 86 m.kr. á áramótaverðlagi ('84/'85), þar af eru 65 m.kr. vegna langtímaskulda, sem eru í ábyrgð ríkissjóðs. Frá þessum upphæðum mundi að sjálfsögðu dragast söluandvirði eða leigutekjur.

Arðsemi fyrirtækisins.

Grundvallarspurningin, sem heimaaðilar eða aðrir sem vilja bera ábyrgð á rekstri þörungavinnslu á Reykhólum þurfa að spyrja sjálfa sig að, er sú, hvort nokkur von sé til þess að reksturinn geti borið sig, hvort reksturinn geti skilað einhverju upp í afskriftir og fjármagnskostnað. Ekki er unnt að ætlast til þess, að fólk leggi fé í nýtt hlutafélag nema það hafi trú á því að reksturinn geti borið sig.

Eftirfarandi atriði í rekstri verksmiðjunnar lofa góðu um framtíð hennar:

- Tök hafa náðst á öflun hráefnis, sem nóg er af.
- Næg orka er til staðar.
- Gæði framleiðslunnar eru mikil.
- Annmarkarnir á rekstrinum eru þessir helst:
- Afurðaverð hefur ekki hækkað nægilega eftir 40% verðfall 1980.
- Ördugleikar hafa komið fram í vinnslu þangs á vissum tímum.
- Kostnaðarbókhaldi hefur ekki verið beitt sem stjórnþæki.
- Starf að markaðsmálum og vöruþróun hefur ekki skilað þeim árangri að fyrirtækið geti borið sig.
- Gera þarf tæknilegar endurbætur í verksmiðjunni.

S. l. sumar var gerð úttekt á tækjabúnaði verksmiðjunnar, þar sem fram kemur að með því að hrinda í framkvæmd þeim áfornum, sem uppi hafa verið í fyrirtækinu um endurbætur á stjórnþæki þurrkara, og með ýmsum viðbótaraðgerðum mætti gera vinnsluna mun öruggari en verið hefur. Kostnaðarbókhald má bæta með því að kaupa tiltölulega ódýra smátölvu sem getur reynst mikilvæg stoð til að fá upplýsingar sem þarf til að hafa yfirsýn yfir rekstur verksmiðjunnar. Mikilvægasta breytingin til þess að auka líkurnar á því, að

Þörungavinnsla geti skilað arði, er hins vegar aukin áhersla á vöruþróun og markaðsmál. Í þessu efni þarf að koma á beinni tengslum við kaupendur afurðanna. Að því er nú unnið á vegum stjórnar fyrirtækisins. Hinir nýju rekstraráðilar verða að sjálfsgöðu að athuga gaumgæfilega hvort ekki sé nauðsynlegt að freista þess að fá hina erlendu kaupendur til að taka beinan þátt í rekstrinum.

Til þess að verksmiðjan geti borið sig þarf reksturinn að skila 6—7 milljónum á núverandi verðlagi upp í árlegar afskriftir og fjármagnskostnað. Árleg nettó-greiðslubyrði af núverandi skuldabyrði fyrirtækisins er ekki undir 15 m.kr. að meðaltali, en ekkert fékkst á s. l. ári upp í afskriftir og fjármagnskostnað. Hér þarf tvennt að koma til, bætt rekstrarafkoma og stórlega minnkuð skuldabyrði. Með yfirtöku ríkissjóðs á skuldum verksmiðjunnar verður fjárhagsstaða hennar traust. Tvísýnt er þó um hagnað af rekstrinum á allra næstu árum þrátt fyrir það uppgjör sem hér um ræðir. En að sjálfsgöðu verður að horfa lengra fram í tímann þegar ákvörðun er tekin í svo mikilvægu máli sem þessu. Ef lítið er til næstu ára, þá virðast vera allraunhæfir rekstrarmöguleikar fyrir verksmiðjuna. Afurðirnar henta sérstaklega í framleiðslu á ýmsum náttúruvörum sem eru nú í tísku og virðast verða vinsælli með hverju árinu sem líður. Tíminn vinnur tvímælaust með rekstrinum og það gefur vonir um að hann geti skilað arði. En til þess að nýta þessa möguleika verður að vinna markvisst að því að bæta reksturinn.

Í fylgiskjali II með frumvarpi þessu eru minnisatriði er varða tilhögun hlutafjárstöfnunar vegna hins nýja félags. Einnig fylgir frumvarpinu, sem fylgiskjal III, samþykkt fundar, sem haldinn var í félagsheimili Reykhólahrepps 22. apríl 1985, um stofnun hlutafélags á vegum heimamanna til að yfirtaka rekstur Þörungavinnslunnar hf.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að ríkisstjórninni verði heimilað að selja eða leigja hlutafélagi, er aðilar í Austur-Barðastrandarsýslu hafi frumkvæði um að stofnað verði, eignir Þörungavinnslunnar hf., að heimilt verði að lána andvirði eignanna til allt að 15 ára og að lánið megi vera víkjandi. Verði hins vegar um leigu að ræða er gert ráð fyrir að heimilt verði að gera kaupleigusamning þannig að leigjandi hafi rétt til að kaupa eignirnar og að hluti leigu gangi upp í kaupverð. Þá er gert ráð fyrir að sú kvöð verði á eignunum að þær verði notaðar til þörungavinnslu við Breiðafjörð.

Ekki er gert ráð fyrir að gildandi lög um þörungavinnslu við Breiðafjörð falli niður fyrir en Þörungavinnslunni hf. hefur verið formlega slitid.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi.

Fylgiskjöl:

1. Yfirlit um rekstrarafkomu 1975—1984.
2. Minnisatriði um stofnun hlutafélags og söfnun hlutafjár vegna yfirtöku á eignum Þörungavinnslunnar hf.
3. Samþykkt fundar, haldins í félagsheimili Reykhólahrepps mánudaginn 22. apríl 1985, um stofnun hlutafélags til að yfirtaka rekstur Þörungavinnslunnar hf.

Fylgiskjal I.

Y F I R L I T U M Þ R Ó U N Þ Ó R U N G A V I M N S L U N N A R H P.

HELSTU ÞÆTTIR	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984 (Áætl.)
FRAMLEIDSILA (tonn)										
Þangmjöl	600	1421	867	3010	3845	2250	1697	3119	3213	4000
Þangmjöl			80				100	185	200	300
Skreio							350	105		
ÓTFLUTNINGUR (tonn)										
Þang- og þangmjöl	400,9	1531,2	687,7	2933,3	3506,8	691,9*	2698,1*	2170,7	3131,3	4450
AFKOMA (m.kr.)										
Söluverðmæti	-	-	-	292,9	630,5	693,8	9,4	8,8	22,7	33,5
Rekstrarkostnaður	-	-	-	328,2	580,7	837,1	13,9	17,0	30,0	38,7
Fjármagnslióðir	-	-	-	(98,0)	62,8	(244,9)	4,0	(4,8)	(7,1)	(7,1)
Skaðabætur, o.fl.	-	-	-				3,4	3,4	3,4	3,4
Hagnaður/(tap)	-	-	-	(133,3)	112,6	(98,2)	2,8	(9,7)	(11,0)	(8,9)
Óráðst. eigið fé	-	-	-	(527,3)	(414,8)	(513,0)	(2,3)	(12,0)	(23,0)	(32,0)
Hreint veltufé	-	-	-	(212,5)	(310,3)	(123,0)	5,0	3,6	(12,0)	(20,7)
ATBUKASEMDIR	Stofnfr- frankv. löklið. Tilrauna- vinnsla.	Byrjunar- erfið- leikar. Vatns- skortur. Óflun bregst.	Handöflun á þangi. Rekstur í höndum Heima- manna sf. Tilraun með fisk- þurkun.	Tök nást á öflun með þróttum. Nægilegt heitt vatn með fisk- þurkun.	Góður árangur í öflun. Óflun rekstrar- náð.	ALL sęgir upp sam- ningi. Óflun rekstrar- hafst.	Samió um skaðabæ- tur. Fisk- þurkun gefur arðbaran rekstur.	Streiður- markaðir bregðast Áhersla á þöruna- markaði.	Verulegur árangur í sölu- náðum.	Söluþögleikar meiri en framleiðslan. Þörunsköðun fjárhagsstöðu naðsynleg.

* Sala ársins 1980 er í skýrslum Hagstofu að hluta á 1981 (náð. 1000 t)

Fylgiskjal II.

Minnisatriði um stofnun hlutafélags og söfnun hlutafjár vegna yfirtöku á eignum Þörungavinnslunnar hf.

Hugmyndin um yfirfærslu fyrirtækisins til heimamanna byggist á því að á næstu 5 árum verði safnað a. m. k. 11,5 milljónum króna (verðlag í lok 1984) af nýju hlutafé.

Hér er lagt til að reynt verði að ná inn nýju hlutafé á eftirfarandi hátt:

Starfsm. Þörungav. hf.	30 aðilar × 30 þús/ári × 5 ár =	4,5
Aðrir heimamenn	30 aðilar × 20 þús/ári × 5 ár =	3,0
Fyrirtæki	2 × 2 m.kr.	= 4,0

Alls 11,5 Mkr.

Ákvæði skattalaga um frádrátt vegna hlutafjárkaupa geta nýst hluthöfunum. Fyrir einstakling í 32% tekjuskattsstiga myndu því 30 þús. kr. hlutabréfakaup á ári ekki auka greiðslubyrði hans nema um rúmar 20 þús. kr. á ári.

Til að nýtt félag geti hafið starfsemi á lífvænlegum grundvelli er höfuðnaðsyn að ná inn sem mestu hlutafé strax í upphafi. Bæði verður fyrirtækið að hafa eitthvert lágmarksrekstrarfé milli handa í byrjun og einnig verða framtíðarlántökur að styðjast við jákvæða eiginfjárstöðu. Ef fyrirtæki fást til þátttöku skv. ofanskráðu má ætla að þau geti innt af hendi sitt hlutafé á 1—2 árum. Stefnt verður að því að gefa út skuldabréf til 5 ára vegna 7,5 m.kr. framlags heimamanna. Með því móti mætti ná tilsettri hlutafjárupphæð inn í félagið strax í byrjun. Sérstakur sjóður heimamanna yrði stofnaður. Þessi sjóður myndi kaupa skuldabréf af væntanlegum hluthöfum og greiddi fyrir þau með jafnháum skuldabréfum. Síðan seldi sjóðurinn sína skuldabréfaeign bönkum og sjóðum og keypti hlutabréf í Þörungavinnslunni fyrir þá upphæð. Á næstu 5 árum myndi sjóðurinn síðan greiða einstökum hluthöfum upp þau skuldabréf, sem hann hefur gefið út, með hlutabréfum í hinu nýja fyrirtæki. Einstakir hluthafar greiða svo með venjulegum hætti upp þau skuldabréf sem þeir hafa gefið út. Leitað verður til banka og sjóða um kaup á skuldabréfum útgefnum af einstökum hluthöfum.

Við stofnun nýs félags til þörungavinnslu á Reykhólum er eðlilegt að taka til endurskoðunar samskipti Reykhólahrepps og hins nýja félags. Hlutafé Reykhólahrepps er samtals frá upphafi um 200 þús. kr., en hreppurinn leggur á 510 þús. kr. aðstöðugjald fyrir árið 1984, sem er hæsta leyfilegt gjald.

Fylgiskjal III.

Samþykkt fundar, haldins í félagsheimili Reykhólahrepps mánudaginn 22. apríl 1985, um stofnun hlutafélags til að yfirtaka rekstur Þörungavinnslunnar hf.

„Almennur fundur, haldinn að Reykhólum 22. apríl 1985 um framtíð Þörungavinnslunnar, samþykkir að undirbúa hið fyrsta stofnun hlutafélags heimamanna sem hefir að markmiði að kaupa eða leigja fyrirtækið. Skal stefnt að boðun stofnfundar hið allra fyrsta.“

Eftirfarandi tillaga var einnig samþykkt:

„Almennur fundur að Reykhólum haldinn 22. apríl 1985 samþykkir að fela Inga Garðari Sigurðssyni og Kristjáni Þór Kristjánssyni að hafa forgöngu um stofnun nýs hlutafélags í Austur-Barðastrandarsýslu um þörungavinnslu á Reykhólum.“